

## REGLUR

### fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag Ölfushrepps, Hveragerðis- og Selfossbæja.

#### 1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Ölfushrepps, Hveragerðis- og Selfossbæja, hér eftir kölluð samvinnunefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 7 fulltrúar.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar en sveitarstjórnir Ölfushrepps, Hveragerðis og Selfoss skipa hver um sig tvo fulltrúa úr hópi sveitarstjórnarmanna. Vararmenn aðila skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa skipulagsstjóri og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin ákveður hverju sinni.

#### 2. gr.

Hlutverk samvinnunefndarinnar er að vinna að svæðisskipulagi, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og ganga frá tillögu að svæðisskipulagi fyrir þennan landshluta sbr. rg. nr. 318/1985.

Nú verður ágreiningur um hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins og sker þá umhverfisráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar ríkisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

#### 3. gr.

Fundi skal halda ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á.

Formaður boðar til fundar með a. m. k. viku fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið ákvörðun um mál er varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags ef fulltrúar (fulltrúi) þess lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin kys sér ritara og vararitara. Skal formaður og ritari undirrita fundargerðarbók í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem ósamþykktur er ákvörðun meirihlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um sérálit sitt bókaða.

Senda skal fundargerð til nefndarmanna og til umhverfisráðuneytisins.

#### 4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins eða þess hluta sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir nefndin tillöguna til skipulagsstjórnar. Um meðferð tillögunnar fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

#### 5. gr.

Samvinnunefndin getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir til að fjalla um í svæðisskipulaginu.

#### 6. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hvert sveitarfélag greiðir kostnað

vegna sinna fulltrúa. Skipulagsstjórn greiðir kostnað vegna síns fulltrúa og aðstoðar embættisins við vinnuna.

7. gr.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér starfsmann til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af skipulagsstjórn og að hálfu af viðkomandi sveitarstjórnnum. Ef ekki næst samkomulag sker umhverfisráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

8. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 1. apríl 1997. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar þó ekki lengur en eitt ár í senn.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr.19/1964, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur sem félagsmálaráðuneyti setti nefndinni 24. október 1989.

*Umhverfisráðuneytið, 22. ágúst 1995.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar  
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 625/1994.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. B samþykktarinnar:

- a. 15. tölul. fellur brott.
- b. 16.-25. tölul. verða 15.-24. tölul.
- c. Nýr 25. tölul. hljóði svo:  
Þrjá menn í *rafveitunefnd* og þrjá til vara skv. orkulögum nr. 58/1967 og reglugerð um Rafveitu Hafnarfjarðar.

Samþykkt þessi er gerð af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1995.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

**Endurprentað blað.**